

59. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 14. júlí 2004 kl. 18:15 í fundarsal Ráðhúss Stykkishólms.

Mætt voru Gretar D. Pálsson, formaður, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Helgi Haraldsson, Guðmundur Kristinsson, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Hjallatangi 22.
Kristinn Ó. Jónsson, Þvervegi 8 sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni nr. 22 við Hjallatanga. Teikningar eru eftir Svein Ingólfsson, verkfræðing. Stærð 228,4 m² 780 m³.
Samþykkt.
2. Aðalgata 19.
Messíana Tómasdóttir og Pétur Knútsson fara fram á heimild til að reisa garðhús á lóðinni.
Samþykkt.
3. Skipulagsmál Laufásvegur/Borgarbraut.
Formaður gerði grein fyrir hugmyndum að breytingum á aðal- og deiliskipulagi á svæðinu frá Skúlagötu m. Laufásvegi og að Aðalgötu 17.
Einnig var farið yfir teikningar af 6 íbúða raðhúsi á reit C við Laufásveg.
Afgreiðslu teikninga frestað til næsta fundar.
Samþykkt að endurskoða deiliskipulag sbr. 1. málsgrein.
4. Aðalgata 14.
Hólmgeir S. Þórsteinsson sækir um leyfi til að klæða bílskúrin utan með bærustáli.
5. Sævar Harðarson f.h. Skipavíkur hf. leitar umsagnar um tillöguteikningu að verslunar- og þjónustuhúsi við Aðalgötu.
Byggingarnefnd vísar til skilmála að húsagerð í greinargerð með deiliskipulagi miðbæjar.
6. Nestún 2.
Framlagt bréf Guðmundar K. Björnssonar þar sem hann gerir grein fyrir framkvæmdum við bílskúr sinn.
7. Neskin 2.
Árni Helgason sækir um heimild til að byggja pall við húsið. Samþykkt.

8. Áskinn 5.
Brynja Jóhannsdóttir sækir um leyfi til að reisa skjólvegg frá bílskúr að bílskúr við Neskinn 6. Samþykkt.
9. Víkurgata 4.
Baldur Þorleifsson f.h. eiganda sækir um heimild til að klæða húsið og bretta gluggum í upprunalegt horf. Samþykkt.
10. Deiliskipulag fyrir leikskóla.
Samþykkt að deiliskipuleggja svæði fyrir leikskóla á reit sem markast af Tjarnarási, Búðanesi, Aðalgötu og Tjarnarhólma.
11. Skipulag iðnaðarsvæðis.
Formaður gerði grein fyrir viðræðum sem hann og bæjarstjóri áttu við forráðamann Berglínar ehf.
Nefndin er sammála um að áður en lengra verður haldið verði iðnaðarsvæði merkt A2 á aðalskipulagi deiliskipulagt.
12. Skólastígur 24.
Framlagt bréf Sævars Berg þar sem hann spyrst fyrir um heimild til byggingarframkvæmda á lóð sinni.
Bréfið framlagt og erindinu frestað.
13. Byggingarfulltrúi.
Formaður gerði grein fyrir að Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir, arkitekt kemur til starfa 1. september nk.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30.